

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag norðan og austan Glerárkirkju, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 3. júní 2003 samþykkt nýtt deiliskipulag á reit, sem afmarkast til suðurs af Arnarsíðu og lóð Glerárkirkju, til vesturs af Bugðusíðu, til norðurs af lóð Bjargs og göngustíg meðfram raðhúsaloð við Lindasíðu og til austurs af Hlíðarbraut.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir 8 íbúðum í einnar hæðar raðhúsum við Arnarsíðu, 32 íbúðum í 2-ja hæða fjölbýlis- og keðjuhúsum við nýja götu út úr Bugðusíðu sunnan Bjargs og 16 íbúðum í 2-ja hæða keðjuhúsum við enda Lindasíðu. Austur af kirkjunni liggur opið svæði.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akureyri, 25. ágúst 2003.*

**Bjarni Reykjalin,**

skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

A. Ákvæðum I. viðauka reglugerðar nr. 653/2001 er breytt sem hér segir:

Við töflu 1.2.2. Sefalósporín, bætist:

#### 1.2.2. Sefalósporín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
Seftíófúr	Summa allra leifa sem halda betalaktambyggingu sinni, gefin upp sem desfúróylseftíófúr	Nautgripir	1 000 µg/kg	Vöðvi	
			2 000 µg/kg	Fita	
			2 000 µg/kg	Lifur	
			6 000 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Mjólk	